



Njarðvíkuskóli v/Brekkustíg

sími: 420-3000

Leikskólinn Gimli - Hlíðarvegi 7

sími: 421-5707

Nánari upplýsingar má finna á
heimasíðum skólanna

<http://www.njardvikurskoli.is>

<http://www.gimli.hjalli.is>



2025-2026



Samfella og áherslur á milli skólastiga

Brúum bilið

Samstarfsverkefni á milli

Leikskólans Gimli
og
Njarðvíkurskóla

Tengsl milli skólastiga

Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Þar er líka tiltekið að leikskólinn sé fyrsta skólastigið. Tilgangurinn með samstarfinu er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Mikilvægt er að flutningur yfir í grunnskóla sé vel undirbúinn. Nám barna þarf að vera samfellt. Sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám byggir á.

Markmiðin með samstarfinu eru að

- *stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiga
- *efla tengslin milli skólastiga
- *skapa samfellu í námi og kennslu
- *koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mótun skólastiga
- *leggja drög að farsælu læsisnámi
- *skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

Gagnkvæmar heimsóknir nemenda



Gagnkvæmar heimsóknir nemenda

2026

Febrúar

-**Vináttustund** - Nemendur 1. bekk og nemendur í skólahópi á Gimli eiga sameinilega vináttustund í leik og gleði.

Fimmtudagur 26. febrúar kl. 10:00-11:00

Fimmtudagur 5. mars kl. 10:00-11:00

Apríl

-**Heimsókn í kennslustund í Njarðvíkurskóla:** leikskólanemendur eru með nemendum 1. bekkjar í tvær kennslustundir. Unnin eru skólaverkefni sem þeir taka með sér heim.

Miðvikudagur 29. apríl kl. 12:00-13:10

- * 1. bekkur og 14 stúlkur af Gimli (stofa 210)
- * 1. bekkur og 9 drengir af Gimli (stofa 211)

Maí

-**Heimsókn í íþróttir — úti/inni:** leikskólanemendur mæta í íþróttatíma og fá kynningu á hvað fer fram þar.

Þriðjudagur 5. maí kl. 12:00-12:40 -9 drengir af Gimli og 1. bekkur

Þriðjudagur 12. maí kl. 12:00-12:40 -14 stúlkur af Gimli og 1. bekkur

Leikskólinn Gimli og Njarðvíkurskóli

Til að ná markmiðum þá vinna skólarnir tveir að áætlun sem felur í sér samvinnu beggja skólanna yfir veturinn ásamt nokkrum ákveðnum áhersluatriðum og verkþáttum fyrir hvorn skóla.

Samvinnan byggir á

- * skilafundur frá leikskólanum að vori þar sem fulltrúi leikskólans fer yfir og afhendir skólanum gögn sem þarf um væntanlega nemendur t.d. niðurstöður úr Hljóm 2, greiningar
- * gerð áætlunar fyrir samstarfi vetrarins í ágúst og endurmati að vori
- * eftir fyrirlögn í grunnskólanum á Lesskimun fyrir 1. bekk þá er endurgjöf til leikskólans á hvernig niðurstöður voru yfir heildina
- * skólakynning að vori frá grunnskólanum
- * gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara allt skólaárið

Tengsl milli skólastiga

Gott samstarf á milli leikskólans Gimli og Njarðvíkurskóla verið frá 1994 en verkefnið „Brúum bilið“ eða Samfella milli skólastiga hefur staðið óslitið á milli skólanna frá árinu 2009.

Samstarfið er byggt upp á áhuga og samstarfsvilja milli kennara beggja stofnana og jákvæðni forráðamanna. Markvissir fundir og heimsóknir byggja upp traust og vináttu á milli skólastiga, nemendum og kennurum til góðs.

Hver grunnskóli í Reykjanesbæ á sinn heimaleikskóla sem vinna markvisst saman, leikskólinn Gimli er heimaleikskóli Njarðvíkurskóla.

Samstarfsverkefni:

Barnalundur er útivistarsvæði sem skólarnir tóku í fóstur og vinna markvisst að umhverfismennt með nemendum.

Þemaverkefni:

Unnið út frá sameiginlegri áætlun skólanna út frá Vináttu. Nemendur gera sameiginlega sögu, útbúa hjartakeðju þar sem þeir skrifa falleg orð á hjörtun og skiptast á.

Þemavinnan fer fram í febrúar



Gagnkvæmar heimsóknir nemenda

2025

September

-**Vettvangsferð:** Barnalundur er heimsóttur í tilefni á Degi Íslenskrar náttúru (16. september). Þetta er samstarfsverkefni á milli Gimli og Njarðvíkurskóla.

Þriðjudagur 16. september kl. 10:00-11:00

Október

-**Heimsókn í Njarðvíkurskóla:** leikskólanemendur fá kynningu á skólanum, s.s. kennslustofum, salerni, matsal, bókasafni og frístundaskóla. Deildarstjóri yngra stigs sér um kynninguna.

Fimmtudagur 23. október kl. 10:00-11:00

Nóvember

-**Dagur Íslenskrar tungu:** Nemendur á Gimli koma í heimsókn í Njarðvíkurskóla og flytja atriði á Gleðistund á sal.

Föstudagur 14. nóvember, kl. 8:20-9:30

-**Heimsókn í Ösp:** Nemendur á Gimli koma í heimsókn í Ösp og fá kynningu og hitta nemendur og eiga með þeim góða stund.

Fimmtudagur 27. nóvember,

- Hópur 1 kl. 8:30 - 9:00
- Hópur 2 kl. 10:00-10:30